

Föstudaginn 30. maí 1997.

Nr. 220/1997.

Fataframleiðendur ehf.

(Rut Skúladóttir)

gegn

tollstjóranum í Reykjavík

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1997, þar sem staðfest var fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá sóknaraðila 18. október 1996 að kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða málskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Fjárnámsgerð sú, sem krafist er ógildingar á, var fyrst tekin fyrir hjá sýslumanni 14. október 1996 samkvæmt beiðni varnaraðila til fullnustu kröfu, að fjárhæð 869.318 krónur. Við þá fyrirtöku féll varnaraðili frá þeim hluta kröfunnar, sem átti rætur að rekja til álagningar tryggingargjalds í staðgreiðslu 1992. Þennan hluta kröfunnar kvað varnaraðili, að virðist ranglega, vera að fjárhæð 272.405 krónur. Benti þá fyrirsvarsmaður sóknaraðila á nánar tilgreinda muni til fjárnáms. Varnaraðili taldi þá ekki nægja til fullnustu kröfunnar, og var gerðinni frestað, til þess að sýslumaður gæti metið munina til verðs. Gerðinni var fram haldið 16. október sama árs, og greindi sýslumaður þá frá niðurstöðu sinni um andvirði fyrrnefndra muna, sem hann taldi 65.000 krónur. Var þá skorað á fyrirsvarsmann sóknaraðila að benda á frekari eignir til tryggingar eftirstöðvum kröfu varnaraðila. Fyrirsvarsmaður sóknaraðila benti til viðbótar á tiltekna lausafjármuni, og var gerðinni enn að nýju frestað til mats á andvirði þeirra. Loks var gerðin tekin fyrir 18. sama mánaðar og greint frá niðurstöðu um verðmæti síðastnefndra muna, sem

var talið 70.000 krónur. Í endurríti úr gerðabók sýslumanns segir síðan: „Niðurstaðan er því sú, að ábentar eignir eru metnar á samtals 135.000 kr. Mætta, Rut, óskar eftir, að bókað sé, að hún telji matið allt of lágt, hún telji sig hafa bent á nægar eignir til tryggingar kröfunni. Fram kom við síðustu fyrirtöku málsins, að gerðarþoli ætti ekki frekari eignir til ábendingar. Gerðarbeiðandi krefst, að fjárnámi verði lokið án árangurs að hluta með vísan til ofangreinds, og er svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Gerðarþola er leiðbeint um þýðingu fjárnámsins. Hún upplýsir, að hún muni skjóta gerðinni til héraðsdóms. Mættum er kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við.“

Hvorki í tilvitnuðum orðum né annars staðar í bókunum um framkvæmd gerðarinnar hjá sýslumanni er greint frá því, að fjárnám hafi verið gert í munum þeim, sem sóknaraðili benti á og verðmetnir voru. Lét sýslumaður þess í stað við það sitja að gera fjárnám án árangurs að hluta, án þess að fyrir liggji, hver sá hlutur er. Vegna þessa megingalla á framkvæmd fjárnámsins verður ekki komist hjá að verða við kröfu sóknaraðila um að fella það þegar af þessari ástæðu úr gildi.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Fjárnám sýslumannsins í Reykjavík 18. október 1996 hjá sóknaraðila, Fataframleiðendum ehf., að kröfu varnaraðila, tollstjórans í Reykjavík, er fellt úr gildi.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1997.

I.

Mál þetta var þingfest 13. janúar 1997 og tekið til úrskurðar 10. apríl 1997 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Fataframleiðendur ehf., kt. 441089-1399, Snorrabraut 56, Reykjavík.

Varnaraðili er tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að aðfarargerð nr. 11/1996/17920, sem sýslumaðurinn í Reykjavík framkvæmdi hjá sóknaraðila 18. október 1996 að kröfu varnaraðila, verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að aðfarargerð nr. 11/1996/17920, sem sýslumaðurinn í Reykjavík framkvæmdi hjá sóknaraðila 18. október 1996 að kröfu varnaraðila, verði staðfest og sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins.

II.

Hinn 14. október 1996 var af hálfu sýslumannsins í Reykjavík tekin fyrir að Skógarhlíð 6 í Reykjavík aðfarargerð nr. 11/1996/17920. Gerðarbeiðandi var varnaraðili máls þessa og gerðarþoli sóknaraðili málsins. Samkvæmt endurriti úr gerðabók um gerð þessa krafðist gerðarbeiðandi fjárnáms fyrir kröfu, að fjárhæð 869.318 kr., sem sundurliðast þannig:

Höfuðstóll	kr.	451.434
Dráttarvextir reiknaðir til 30.10.96	–	386.684
Kostnaður	–	22.600
Aðfarargjald í ríkissjóð	–	8.600

auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

Rut Skúladóttir, sem á sæti í stjórn sóknaraðila, var við framangreinda fyrirtekt hjá sýslumanni og mótmælti því, að gerðin næði fram að ganga. Taldi hún, að fjárnámskraftan væri að hluta greidd og að hluta fyrnd. Lagði hún fram sundurliðun á því, hvaða gjöld væru fyrnd, en gerði ekki athugasemdir við tryggingargjald í staðgreiðslu 1993 og virðisaukaskatt fyrir tíma-bilið 92-48. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hafi krafist þess, að gerðin færi þegar fram. Bókað var í gerðabók, að kröfur gerðarbeiðanda hefðu verið skoðaðar með tilliti til fyrningar og að ekki væri að sjá, að fram lagt bréf umboðsmanns gerðarþola breytti neinu þar um. Þá hefðu ekki verið lagðar fram kvittanir, sem styddu fullyrðingar um greiðslu hluta krafanna. Fulltrúi sýslumanns ákvað, að gerðin næði fram að ganga, með vísan til 27. gr. laga nr. 90/1989.

Skorað var á málsvara gerðarþola að upplýsa um eignir til tryggingar skuldinni. Hún kvað gerðarþola eiga eignir, en neitaði að tilgreina þær. Bókað var í gerðabók, að gerðarþoli hefði ekki haft neina starfsemi með höndum síðan á árinu 1992 og að engar skráðar eignir myndust á nafni félagsins. Umboðsmaður gerðarbeiðanda lækkaði þá fjárnámskröfuna um 272.405 kr., þ. e. sem nam tryggingargjaldi í staðgreiðslu 1992, án þess að

viðurkennd væri fyrning eða innborgun. Mætta benti þá á til fjárnáms eftirtaldar saumavélar: W og G Overlock 5 þráða m/lofti og klippum, Pfaff-tvístunguvél m/nálaskipti og Pfaff-tvístunguvél-bein, allar u. þ. b. 15 ára gamlar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda taldi ábentar eignir ekki duga til tryggingar skuldinni. Hún kvað félagið eiga fleiri eignir, en hún gæti ekki bent á þær að svo stöddu. Fulltrúi sýslumanns ákvað þá, að hann myndi meta ábentar eignir í samræmi við 38. gr. laga nr. 90/1989, þar sem ekki hefði komið fram krafa um sérfróða matsmenn. Var gerðinni frestað til mats til 16. október 1996 og óskað eftir því, að þá lægju fyrir endanlegar upplýsingar um eignir gerðarþola.

Við fyrirtöku 16. október 1996 tilkynnti fulltrúi sýslumanns, að niðurstaða mats samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989 væri sú, að búast mætti við, að fyrir þær eignir, sem bent hefði verið á, fengjust 65.000 kr. Skorað var á umboðsmann gerðarþola að benda á eignir til tryggingar því, sem eftir stæði af kröfum, u. þ. b. 530.000 kr. Benti umboðsmaður gerðarþola þá á efnislager, sem hafði verið í geymslu síðan 1992, og afhenti sýnishorn efnanna. Taldi hún heildsöluverðmæti 305.000 kr. og smásöluverð 611.200 kr. Einnig kvað hún gerðarþola eiga þrjár saumavélar, eina Pfaff-beinsaumsvél, um 20 ára, eina Union-special-saumavél, tvístunguvél, til að sauma teygju á íþróttafatnað, um 10–20 ára, og eina Pfaff-vasavél, 20-25 ára. Hún kvað gerðarþola ekki eiga frekari eignir. Var gerðinni síðan frestað.

Við fyrirtöku 18. október 1996 lýsti sýslumaður yfir, að þær eignir, sem bent hefði verið á 16. október, væru metnar á 70.000 kr., vefnaðarvörulager á 40.000 kr. og þrjár vélar á 30.000 kr., samtals 135.000 kr. Umboðsmaður gerðarþola taldi matið allt of lágt. Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafist, að fjárnámi yrði lokið án árangurs að hluta, og var svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Umboðsmaður gerðarþola lýsti yfir, að ákvörðun sýslumanns yrði skotið til héraðsdóms. Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 12. desember 1996, krafðist gerðarþoli úrlausnar dómsins, og var málið þingfest 13. janúar 1997.

III.

Umboðsmaður sóknaraðila kveður hafa komið í ljós við fyrirtöku aðfararmálsins 14. október 1996, að hluti krafna varnaraðila væri fyrndur. Hinar fyrndu kröfur væru launaskattur fyrir tímabilin 8 til 12 1990, tryggingargjald fyrir 1992 og virðisaukaskattur fyrir tímabilin 16 og 32 1992. Hún hefði haldið því fram, að einungis mætti krefjast fjárnáms fyrir ófyrndum kröfum, sem væru að fjárhæð um 200.000 kr.

Af hálfu sóknaraðila er talið, að mat sýslumanns á verðmæti hinna fjár-

numdu eigna væri of lágt, því að selja mætti þær fyrir u. þ. b. 600.000 kr. á almennum markaði. Sóknaraðili kveður ekki hafa verið farið fram á mat sérfróðra manna, m. a. vegna upplýsinga sýslumanns um, að miða bæri við áætlað söluverð á uppboði. Telur sóknaraðili það úreltar viðmiðanir, þar sem lög um nauðungarsölu geri ráð fyrir þeim möguleika, að fjárnámsandlag sé selt á almennum markaði og það hljóti að vera kappsmál aðila að fá sem mest út úr söluinni upp í kröfurnar.

Sóknaraðili telur, að fella eigi aðfarargerðina úr gildi, þar sem þeir annmarkar séu á meðferð kröfunnar, að krafist hafi verið fjárnáms fyrir fyrndum kröfum og árangurslaust fjárnám gert, þrátt fyrir það að bent væri á eignir, sem selja mætti fyrir að minnsta kosti tvöfalda fjárhæð raunverulegra skulda félagsins.

IV.

Varnaraðili kveður reglulega gjalddaga virðisaukaskatts vegna tímabila þeirra, sem hér um ræðir, vera 5. júní 1992 vegna tímabils 92–16, 5. október 1992 vegna tímabils 92–32 og 5. febrúar 1993 vegna tímabils 92–48, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988. Varnaraðili hafi ekki skilað virðisaukaskattsskýrslum vegna umræddra tímabila á réttum tíma, og hafi því skatturinn verið áætlaður 3. júlí 1992 vegna tímabils 92–16 og 4. nóvember 1992 vegna tímabils 92–32. Varnaraðili hafi síðan skilað inn skýrslum 16. júní 1993. Samkvæmt heimild í 9. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988 hafi endanleg álagning vegna tímabils 92–16 farið fram 2. júlí 1993 og vegna tímabilsins 92–32 28. júní 1993. Óumdeilt sé, að skattur vegna tímabilsins 92–48 sé ófyrndur, en fyrningartími kröfu vegna hinna tímabilanna geti í fyrsta lagi byrjað að líða við endanlega álagningu, sbr. 7. gr. laga nr. 14/1905, sbr. og Hrd. 1993, 85. Þá kveður varnaraðili fjárnám hafa verið gert í lausafé fyrir virðisaukaskattinum 17. september 1993 og fyrningu þá slitið, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989. Varnaraðili hafi hins vegar ekki talið svara kostnaði að láta selja lausaféð á uppboði, og hafi aðfararveðið fallið niður, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 90/1989. Krafa vegna virðisaukaskatts sé því að öllu leyti ófyrnd.

Vaðandi launaskattsskuldina hafi verið greitt inn á tímabil 90–07 18. ágúst 1993 og aftur inn á sama tímabil 21. september 1993. Rjúfi greiðslur þessar fyrningu á allri launaskattsskuldinni. Þá hafi fjárnám verið gert fyrir launaskattskröfunni 22. mars 1993 og fyrningu þá slitið, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989.

Varnaraðili kveður tryggingargjald 93 hafa verið lagt á 20. júlí 1993, og sé óumdeilt, að það sé ófyrnt. Hins vegar hafi verið fallið frá fjárnámi vegna tryggingargjalds 1992.

Varnaraðili telur það ekki geta varðað ógildinguna aðfarargerðarinnar í

heild sinni, þótt einhver hluti krafna þeirra, sem í upphafi var krafist aðfarar fyrir, hafi hugsanlega verið fyrndur, enda sé samkvæmt 9. gr. laga nr. 90/1989 og greinargerð með þeirri lagagrein unnt að gera fjárnám fyrir fyrndri kröfu, ef gerðarþoli lýsi yfir, að hann beri ekki fyrir sig fyrningu.

Varnaraðili kveður umboðsmann sóknaraðila hafa krafist mats í samræmi við 2. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989, en ekki hafi verið krafist mats sérfróðra matsmanna í samræmi við 3. mgr. sömu greinar. Samkvæmt skýrum lagafyrirmælum hafi sýslumanni borið að miða við áætlað verð við nauðungarsölu. Við það mat hafi komið í ljós, að eignir þær, sem á hafi verið bent, hafi einungis verið nægilegar til fullnustu á litlum hluta kröfunnar. Sóknaraðili hafi ekki haft neina starfsemi með höndum síðan árið 1992 og hefði því átt að hafa nægan tíma til að koma umræddum eignum í verð á frjálsum markaði. Það, að eignirnar hafi ekki enn verið seldar, bendi til þess, að um verðlitla hluti og illseljanlega sé að ræða, og renni stöðum undir það, að matið hafi ekki verið of lágt.

V.

Í máli þessu er hvorki deilt um útreikning einstakra gjaldaliða né grundvöll álagningar viðkomandi gjalda. Sóknaraðili heldur því hins vegar fram, að nokkrir kröfuliðir séu fyrndir og að lausafé það, sem bent hafi verið á til fjárnáms, hafi verið of lágt verðmetið af fulltrúa sýslumanns. Af þeim sökum beri að ógilda fjárnámssgerðina í heild sinni.

Fallist er á með varnaraðila, að fyrningarfrestur virðisaukaskatts fyrir tímabilin 92–16 og 92–32 hafi ekki tekið að líða fyrr en við endanlega álagningu skattsins 28. júní og 2. júlí 1993 í kjölfar innsendra virðisaukaskattsskýrslna 16. júní 1993. Fyrningu var slitið, hvað varðar kröfu vegna þessara tímabila og tímabilsins 92–48 með aðfararbeiðni varnaraðila, sem leiddi til fjárnáms 17. september 1993 í saumavél í eigu sóknaraðila, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989. Við fjárnámið hófst nýr fjögurra ára fyrningarfrestur. Þegar aðfararbeiðni sú, sem var grundvöllur þessa máls, barst sýslumanninum í Reykjavík 4. október 1996, var því hvorki liðinn hinn nýi fyrningarfrestur né upphaflegur fjögurra ára fyrningarfrestur gjaldanna.

Þá er fallist á með varnaraðila, að fyrningu kröfu vegna launaskatts fyrir tímabilin 8 til 12 1990 hafi verið slitið með aðfararbeiðni, sem leiddi til fjárnáms 22. mars 1993 í annarri saumavél sóknaraðila. Við fjárnámið hófst nýr fjögurra ára fyrningarfrestur, sem ekki var á enda runninn, er ný aðfararbeiðni barst sýslumanninum í Reykjavík 4. október 1996.

Þær kröfur varnaraðila, sem fjárnám var gert í fyrir 18. október 1996, voru því allar ófyrndar. Ekki hefur það áhrif á gildi gerðarinnar, þótt ein-

hver hluti þeirra krafna, sem varnaraðili krafðist upphaflega aðfarar fyrir, en féll síðar frá, kunni að hafa verið fyrndur.

Í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989 er að finna þá meginreglu, að sýslumaður skuli virða eign, ef málsaðili telur óvíst um verðmæti hennar, og við það mat skuli miða við verð, sem ætla má, að fáist fyrir eign á nauðungarsölu. Eins og skýrt kemur fram í endurriti úr gerðabók og ekki hefur verið mót-mælt af hálfu sóknaraðila, var þess ekki krafist, að nýtt væri heimild 3. mgr. 38. gr. til að fela sérfróðum virðingarmönnum að meta verðmæti lausafjár-ins, sem umboðsmaður sóknaraðila benti á við fjárnámsgerðina 14. og 16. október 1996. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989 verða ekki skilin á þann veg, að miða eigi matsverð eigna við sölu á almennum markaði samkvæmt ákvæðum 62. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, enda er slík söluaðferð háð samþykki gerðarbeiðanda og sýslumanni rétt að hafna henni, ef hann telur muni illseljanlega eða verðmæti þeirra svo lítið, að ekki sé vert að standa þannig að sölunni.

Sú staðreynd, að hinu fjárnumda lausafé hefur ekki verið komið í verð, fjórum árum eftir að starfsemi varnaraðila var hætt, bendir ekki til þess, að eignirnar séu auðseldar eða verðmætar. Þá hafa engin gögn verið lögð fram af hálfu sóknaraðila þeirri fullyrðingu til stuðnings, að verðmæti hinna fjárnumdu muna sé hærra en nemur mati sýslumanns. Þar sem staðið var að mati á eignum í samræmi við ákvæði aðfararlaga og efnislegri niðurstöðu þess hefur ekki verið hnekkt, verður að hafna kröfu sóknaraðila um ógildingu fjárnámsins á þeim grundvelli, að lausaféð hefði verið of lágt metið.

Samkvæmt ofangreindu er ekkert fram komið, sem varðað getur ógildingu aðfarargerðarinnar, og ber því að staðfesta hana. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 30.000 kr.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er aðfarargerð í málinu nr. 11/1996/17920, sem sýslumaðurinn í Reykjavík framkvæmdi hjá sóknaraðila, Fataframleiðendum ehf., 18. október 1996 að kröfu varnaraðila, tollstjórans í Reykjavík.

Sóknaraðila er gert að greiða varnaraðila 30.000 krónur í málskostnað.